

Landshlutadeild félagsráðgjafa á Suðurlandi

Skýrsla stjórnar starfsárið 2012-2013

Landshlutadeild félagsráðgjafa á Suðurlandi var stofnuð þann 4. mars 2011. Í deildinni eru 19 félagsráðgjafar og starfa þeir víðsvegar á Suðurlandi.

Starfsárið 2012-2013

Stjórnin hefur komið saman og fundað fjórum sinnum á starfsárinu. Einnig höfum við nýtt okkur tölvupóstinn til þess að miðla upplýsingum og skiptast á skoðunum. Við notum einnig Fésbókarsíðua þar sem við auglýsum viðburði og fleira.

Í viku félagsráðgjafar skrifuðum við grein sem birtist í héraðsblaðinu Dagskránni, þann 22. mars 2012, (sjá hér að neðan)

Sandra Guðmundsdóttir forstöðumaður Birtu starfsendurhæfingar bauð til morgunverðar í tilefni félagsráðgjafadagsins, þann 21. mars og var með kynningu á starfemi Birtu að loknum morgunverði.

Inga Margrét Skúladóttir, ráðgjafi hjá Virk, Kristjana Sigmundsdóttir, réttindagæslumaður fatlaðra, og Ragnheiður Hergeirsdóttir skrifstofustjóri Vinnuálfundunar á Suðurlandi, voru með vísindadag, þann 22. mars. Þær starfa við mismunandi málaflokka sem áhugavert var að heyra um en þær eru allar með starfsaðstöðu á Austurvegi 56 á Selfossi.

Á starfsárinu höfum við haldið fjóra félagsfundi á, þar á meðal svo fjarfundi, annars vegar vegna aðalfundar FÍ 26/3 og framhaldsfundarins 21/5

Framundan:

Er að boða til aðalfundar og kjósa nýja stjórn.

Að lokum er afar ánægjulegt að segja frá því vel hefur verið mætt á fundi okkar og viðburði☺

Með góðum kveðjum.
Katrín Bjarnadóttir, Sandra Guðmundsdóttir,
Ragnheiður Hergeirsdóttir, Nanna Mjöll Atladóttir
og Hildur Gestsdóttir.
Stjórn Suðurlandsdeildarinnar

Stjórn og stofnfélagar Suðurlandsdeildar

Stjórn landshlutadeildar félagsráðgjafa á Suðurlandi var kjörin á stofnfundi deildarinnar í mars 2011

Katrín Bjarnadóttir, formaður

Sandra Guðmundsdóttir, ritari

Nanna Mjöll Atladóttir, gjaldkeri

Ragnheiður Hergeirsdóttir, meðstjórnandi.

Hildur Gestsdóttir, meðstjórnandi

Félagar í Suðurlandsdeild 2013

Anný Ingimarsdóttir, anny@isart.is

Arna Ír Gunnarsdóttir, arna@laugaras.is

Arndís Tómasdóttir, arndis.tomasdottir@vmst.is

Guðrún Jónsdóttir, guðrun@vestmannaeyjar.is

Guðrún Jósóttir; guðrun-olafur@internet.is

Guðlaug Jóna Hilmarisdóttir, guðlaugjona@arborg.is

Hanna R. Björnsdóttir, hanna@starfsorka.is

Helga Lind Pálsdóttir, helgalind@arborg.is

Hildur Gestsdóttir, hildur@gmail.com

Inga M. Skúladóttir, inga@sudurland.is

Katrín Bjarnadóttir, katrinb@arborg.is

Katrín Þorsteinsdóttir, katrin@felagsmal.is

Kristjana Sigmundsdóttir, kristjana.sigmundsdottir@rett.vel.is

Lísa Njálisdóttir, lisa@vestmannaeyjar.is

María Kristjánsdóttir, maria@hveragerdi.is

Nanna Mjöll Atladóttir, nanna@laugaras.is

Ragnheiður Hergeirsdóttir, ragnheidur.hergeirsdottir@vmst.is

Rúnar Halldórsson, fel.rang@simnet.is

Sandra Guðmundsdóttir, sandra@birtastarfs.is

Sigrún Þórarinsdóttir, hnotubrjotur@hotmail.com

Sólrun Gunnarsdóttir, solrun@vestmannaeyjar.is

Hér er greinin sem við skrifuðum og birtist í Dagskránni 22. Mars 2012

Félagsráðgjöf snýst um fólk - svo einfalt, jafnframt svo flókið

Um miðjan mars ár hvert er alþjóðadagur félagsráðgjafa haldinn hátíðlegur. Þá koma félagsráðgjafar á Íslandi saman og útnefna félagsráðgjafa ársins og kynna ýmis erindi og rannsóknir á sínu fagsviði. Að þessu sinni var ákveðið af Félagsráðgjafafélagi Íslands að skipuleggja vikuna 19. - 23. mars til kynningar á störfum félagsráðgjafa.

Landshlutadeild félagsráðgjafa á Suðurlandi var stofnuð innan Félagsráðgjafafélags Íslands þann 4. mars 2011 og eru 20 félagsráðgjafar í deildinni. Stjórn Suðurlandsdeildar vill í viku félagsráðgjafar árið 2012 vekja athygli fólks á því hversu fjölbreyttur starfsvettvangur félagsráðgjafa á Suðurlandi er. Þeir starfa m.a. við stjórnun, endurhæfingu, réttindagæslu,

meðferð og þjónustu við fólk á öllum aldri sviði félags- og heilbrigðisþjónustu, öldrunarþjónustu, þjónustu við fatlað fólk og í þágu skólakerfisins. Þá taka félagsráðgjafar að sér ýmis verkefni á sínu fagsviði fyrir sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki t.d. á sviði barnaverndar, samskipta og starfsmannamála.

Í starfi deildarinnar er lögð áhersla á að efla faglegt starf félagsráðgjafa á Suðurlandi, stuðla að framhaldsmenntun, símenntun, nýjungum og rannsóknum í félagsráðgjöf á svæðinu, að aukinni fræðslu og forvarnarstarfi og að vera stjórnvöldum til ráðgjafar. Eitt af **leiðarljósum félagsráðgjafa er að þekkingu fylgi ábyrgð**. Félagsráðgjafar á Suðurlandi hafa það markmið í öllum sínum störfum að styðja og efla fólk á öllum aldri og leggja sitt af mörkum til að stuðla að heilbrigðu samfélagi.

Stefnt er að fjölbreyttri dagskrá í félagsráðgjafavíkunni víða um land og fræðast má nánar um hana á vefsíðu félagsins, www.felagsradgjof.is

Með kveðjum og óskum um bjarta framtíð.
Katrín Bjarnadóttir, Sandra Guðmundsdóttir,
Ragnheiður Hergeirsdóttir, Nanna Mjöll Atladóttir
og Hildur Gestsdóttir.
(höfundar eiga sæti í stjórn Suðurlandsdeildarinnar)

